

BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna vegferð Reykjavíkurborgar - MSS24060127

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um á hvaða þáttum/lausnum stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar er að skara fram úr og er þá aðallega vísað til þess sem fram kemur í ávarpi sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs í ársskýrslu sviðsins. Einnig er óskað eftir upplýsingum á hvaða sviðum stafrænnar þróunar er þjónustu- og nýsköpunarsvið leiðandi á heimsvísu? Að hvaða leyti hefur er stafræn umbreytinga menningarbreyting eins og fullyrt er í ársskýrslu og hvernig er slík menningarbreyting framkvæmd og árangur mældur? Hvað þýðir þetta nákvæmlega þarf að skýra ekki síst í ljósi þess að stafræn umbreyting er yfirleitt talin krefjast breytts verklags sem óhjákvæmilega verður í kjölfar þeirra breytinga.